

Alþingi
Erindi nr. P 135/2762
komudagur 15. 5. 2008

Reykjavík, 15. maí 2008
0804064 sk

Nefndarsvið Alþingis
Þórunn María Bjarkadóttir nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum

Kennaraháskóla Íslands hefur borist til umsagnar þingsályktunartillaga um framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum til 2010, ~~354.~~ mál. 534.

Kennaraháskólinn leitaði til sérfræðinga sinna í barnaverndarmálum og óskaði eftir viðbrögðum þeirra við tillögunni. Hér á eftir fer umsögn þeirra.

Um inngang að framkvæmdaáætluninni:

Marga þætti barnaverndarstarfs hér á landi er þörf að efla að mun og er því tekið eindregið undir meginmarkmið áætlunarinnar. Áætlunin endurspeglar þá staðreynd að mörg verkefni eru ómótuð og óunnin í barnaverndarstarfi hér á landi.

Í kafla 3 *Aðgerðir til eflingar barnaverndarstarfs á vegum Barnaverndarstofu* undir lið 3 um rannsóknir og þróun eru tilgreind nokkur verkefni, sum yfirstandandi og önnur fyrirhuguð. Má segja að sundurleit mynd sem þar birtist endurspegli að hluta til mikla þörf á auknum rannsóknum á barnavernd hér á landi. Það er álit Kennaraháskóla Íslands að rannsóknarþáttinn þyrfti að efla meira en ráð er fyrir gert og á markvissari hátt. Leita má leiða til að nýta sóknarfæri sem felast í eflingu framhaldsnáms við háskólana og auka samstarf við fræðimenn. Þar sem áætlunin nær til þáttar félags- og tryggingamálaráðuneytisins í eflingu barnaverndarstarfs er bent á möguleika ráðuneytisins til aukins frumkvæðis, m.a. með samstarfi við fleiri háskólastofnanir á sviði mennta- og félagsvísinda. Í sumum tilvikum kann að henta að ráðuneytið sinni þessum þætti fremur en Barnaverndarstofa. Lagt er til að gerð verði langtímaáætlun um rannsóknir og þróun í barnaverndarstarfi og fræðimenn fengnir til samvinnu um gerð hennar.

Nokkur atriði í greinargerðinni. um þróunarverkefni eru óljós. Í lið 3.2.1 eru nefnd markmið með notkun ASEBA-lista. Nokkrum mikilvægum spurningum er ósvarað, s.s. hvernig er ætlunin að nýta þann rannsóknargrunn sem myndast, hvernig verður

Stakkahlíð

105 Reykjavík

Sími: 563 3800

Símbréf: 563 3833

www.khi.is

aðgangi að honum háttað og hvernig er háttað leyfum aðila til að upplýsingar séu færðar í grunninn? Hve lengi er gert ráð fyrir að gögnin séu varðveitt? Þetta þarf að skýra þar sem hér er um viðkvæmt mál fjölskyldna að ræða og einnig varðar það rannsóknarsamfélagið.

Um lið 3.2.4. segir að mat hafi farið fram á viðhorfum starfsmanna til SOF-kerfisins en ekki getið um útkomu þess. Tekið er undir það álit að brýnt sé að samræma enn frekar kerfi til nota við tilkynningar til barnaverndarnefnda. Við teljum nauðsyn að aðlaga flokkunarkerfi betur að íslensku menningarumhverfi og hefðum í hérlendu barnaverndarstarfi. Flokkanir á misbresti í uppeldi og aðbúð eru m.a. bundnir staðháttum og ytri félagslegum skilyrðum en núverandi kerfi tekur of einhliða tillit til bresta í hæfni forsjáaraðila. Sýn að baki slíkri flokkun fellur að takmörkuðu leyti að norrænni velferðarhefð og hefur verið gagnrýnd. Vakin er athygli á því að þrátt fyrir að fram komi í þingsályktunartillögum að samræma þurfi frekar túlkun eða mat á kerfinu gerir framkvæmdaliður einungis ráð fyrir kynningu á því.

Varðandi kafla 4 *Efling kunnáttu og verklags* tekur Kennaraháskóli Íslands undir það starfsmarkmið að efla menntun og þjálfun starfsmanna sem vinna fyrir barnaverndarnefndir og á meðferðarheimilum og auka þekkingu samstarfsaðila barnaverndarnefnda og meðferðarheimila.

Hvað kafla 4. *Ný meðferðarúrræði* varðar sýnist heilladrýgra að einbeita sér að færri verkefnum en samkvæmt tillögum verður víða borið niður á stuttum tíma. Því er hér lagt til að nýmælum undir lið 4 verði fækkað, nánar tiltekið nokkrum liðum undir 4.1 og liðnum 4.3. Í stað þess verði lögð áhersla á mat samhliða framkvæmd, en athygli vekur að lítið er fjallað um þann þátt. Í ljósi áætlaðs umfangs er einnig full ástæða til að ráðuneyti og Barnaverndarstofa hvetji til og liðki fyrir óháðum rannsóknum samhliða framkvæmd á meðferðarúrræðum sem innleidd verða. Þegar hafa verið lögð drög að lið 4.1.1, MST, sem valkosti við stofnanameðferð fyrir unglinga og því ekki tekin afstaða til þess hér.

Önnur rök fyrir því að fækka innleiðingu nýrra meðferðarúrræða á vegum stofunnar eru að þau lúta að nokkru að starfi utan verksviðs Barnaverndarstofu sem sveitarfélög geta prófað eða hafa þegar hafið eftir atvikum (s.s. PMTO í Hf.). Virðist farsælt að meðferðarúrræði utan stofnana falli alfarið undir barnaverndarstarf sveitarfélaga, heilsugæslu í heimabyggð og mótist þar. Hlutverk Barnaverndarstofu er í þessu sambandi að hvetja sveitarfélög til að hrinda úrræðum í framkvæmd en svo virðist sem stofan ætli sér aðild að því að innleiða úrræðin miðlægt og á landsvísu. sbr. orðalag um PMT í lið 4.1.3. Það er reyndar ekki útskýrt hverjir eiga að veita umrædda meðferð þjálfar starfsmenn. Með fjölbreyttari þróun úrræða má ná fram áhugaverðum samanburði en í öllum tilvikum þarf að meta starfið.

Ástæða er til að fara nokkrum orðum sérstaklega um úrræðið MST þar sem ákveðið er að innleiða það og jafnframt vegna mikilla skoðanaskipta annars staðar, t.d. í Noregi þegar því var komið á. MST er útbreitt og kostnaðarsamt, krefst mikillar þjálfunar og mannafla og felur í sér mikla íhlutun í líf ungmenna og fólks sem þeim tengist. Ónákvæmni gætir í frásögn áætlunarinnar af árangri MST. Sumar rannsóknir sýna góðan árangur en ekki allar og eru sumar þeirra ekki gerðar af óháðum aðilum. Á hinn bóginn sýndu t.d. slembivaldar prófanir á meðferðinni (í Bandaríkjunum, Kanada og Noregi) árangur sem var hvorki verri né betur en aðrar aðferðir við að hindra vistanir

utan heimilis. Verkefnisstjóri MST í Noregi hefur reyndar haldið því fram að þær niðurstöður séu ótímabærar. Þarna stangast því sjónarmið og túlkanir á.

Vænlegar meðferðarnálganir ber að nýta til að bæta líðan og stöðu ungmenna og fjölskyldna sem eiga í miklum erfiðleikum. Þær koma þó ekki í stað forvarna. Æskilegt er að samhliða nýjum meðferðarúrræðum sé gert ráð fyrir samfélagslegum aðgerðum sem miða að því að að rjúfa samhengi barnaverndarvanda við fátækt og veika stöðu þess hóps barnafjölskyldna sem við hana býr, sem hefur m.a. áhrif á líðan, námsskilyrði barna, skólasókn o. fl. og varðar lífsfyllingu þeirra.

Ekki á að meta MST á Íslandi fyrr en eftir 6 ára tímabil sem er langur tími miðað við tilkostnað og umfang. Ástæða er athuga með styttingu þess og til að mat fari fram á svo mikilli íhlutun sem nálgunin felur í sér, umfram símat sem yfirleitt er innbyggt í nálgunina í framkvæmd einstakra mála.

Nokkurrar einsleitni gætir um meðferðarúrræði sem rædd eru í tillögunni. Nokkur þeirra byggja á sömu kenningum um samræmingu, stöðlun og mælanlegan árangur, sem er vissulega kostur nema hvað suma reynslu og breytingar er erfitt að mæla. Notadrjúgt væri að innleiða óskyldar nálganir samhliða og bera árangur saman í tilraunaverkefnum. Kostir staðlaðra meðferðarnálgana eru að starfsmenn læra yfirleitt að vinna kerfisbundið og með handleiðslu (sem er skilyrði). Í því sambandi er bent á nauðsyn þess að faglegt og sjálfstætt mat á úrræðum og aðstæðum fái að þróast og að “staðallinn” verði ekki alls ráðandi.


Meðferðarúrræðin MST, PMTO og Webster-Stratton byggja allar að hluta til á kenningum um nám og atferlismótun og á mikilli samhæfingu. Áhersla á fjölbreytileika og sveigjanleika hafa vaxið að undanfögnu, ekki síst með aukinni þekkingu á stöðu jaðarhópa, sem kemur m.a. til með rannsóknum á stöðu fatlaðra og innflytjenda og hnattvæðingu sem eykur gildi slíkra niðurstaðna m.a. hér á landi. Það er grundvallaratriði í þróun samskipta og skipulagningu náms að byrja þar sem fólk er statt í hugsun og reynslu. Þar sem reynsla hverra fjölskyldu er að hluta til einstök nýtast ekki sömu áætlanir og viðmið fyrir alla þegar stofna skal til samskipta við fjölskyldur. Ekki eru allir á sama máli um mikla áherslu á staðlaðar aðferðir sem áætlunin gerir ráð fyrir.

Í lok umsagnar þessarar verður vikið að markalínum í starfsemi Barnaverndarstofu sem dregnar eru í framkvæmdaáætluninni. Gert er ráð fyrir nokkurri útvíkkun á hlutverki Barnaverndarstofu hvað framkvæmd barnaverndarstarfs varðar umfram meginhlutverk stofunnar. Mælt er með því að draga úr áætlaðri aðkomu Barnaverndarstofu að nýjum meðferðarúrræðum. Því mætti reyndar halda fram að sú aðkoma væri eðlileg framlenging af afskiptum stofunnar að starfi meðferðarheimila fyrir unglunga. En draga má í efa að það hlutverk hafi samrýmst eftirlitshlutverki hennar og halda því fram að Barnaverndarstofa sé í tvöföldu hlutverki með mikla aðkomu að faglegri umsjón meðferðarheimilanna. Rök hníga vissulega að því stofnanameðferð unglunga sé sérhæfð starfsemi á forræði ríkisins. En í ljósi ofangreinds þyrfti að athuga hvort rétt sé að færa meðferðarheimilin undir sjálfstæða einingu undir ráðuneytið.

Áætlunin gerir jafnframt ráð fyrir að Barnaverndarstofa fari nokkuð út fyrir skilgreint hlutverk sitt, er varðar lið 3.2.3 þar sem stofunni vill skipuleggja markvisst eftirlit

með vistun barna utan heimilis, ekki einskorðað við meðferðarheimili heldur líka er varðar einkaheimili. Ýmislegt bendir til þess að það eftirlit megi bæta. Gert er ráð fyrir að stofan móti áætlun um fyrirkomulag slíks eftirlits en óljóst er hvort hún ætlar sér framkvæmdina. Hingað til hafa sveitarfélögin farið með eftirlit með fóstri á einknaheimilum enda eru þeir vistunaraðilar og rétt að fyrirkomulag eftirlits sé í þeirra höndum einnig. Mikilvægt er að sú vinna liggi í héraði, en að ekki sé skorið á þá heildarsýn sem er hætt við í miðlægu eftirliti. Línan milli eftirlits og stuðnings við fjölskyldur er oft hárfín í barnaverndarstarfi enda er foreldrum oft gert að uppfylla ýmis skilyrði undir eftirliti til undirbúnings heimkomu barna eftir atvikum. Barnaverndarstofa hefur á hinn bóginn annast mat og val fósturforeldra sem er aðskilinn verkþáttur í þessu ferli.

Virðingarfyllst,



Svanhildur Kaaber
skrifstofustjóri, skrifstofu rektors